

Óheimilt er að tengja saman vatnsveitu og hitaveitu, nema einstreymislokar séu settir á báðar æðar.

Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

20. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða lög. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 352 15. júlí 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Vatnsleysustrandarhreppi.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í Vatnsleysustrandarhreppi sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar vatnsveitunnar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ.e.a.s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar eða lands skv. lögum um skráningu og mat fasteigna.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús í smíðum og eigi virt fasteignamatsvirðingu, skal, hafi smíðin staðið lengur en þrjú ár, reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingar fór fram samkvæmt bókun byggingarfulltrúans í Vatnsleysustrandarhreppi.

2. gr.

Aukavatnsskattur.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Sé vatn látið af hendi úr brunahönum eða öðrum vatnstökustöðum, sem almennur vatnsskattur er eigi greiddur af, skal endurgjaldið verða 100% hærri pr. rúmmetra heldur en krafist er af almennum aukavatnsskattgreiðendum, auk útlagðs kostnaðar vegna vatnstökuunnar.

Um nánari atriði viðvíkjandi álagningu aukavatnsskatts vísast til ákvæða reglugerðar um Vatnsveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

3. gr.

Vatnssala til skipa.

Hreppsnefnd ákveður endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitunnar vegna vatnsafnota, en hafnarstjórn ákveður gjaldið, sem einstakir notendur verða að greiða vegna vatnstöku úr vatnsdreifikerfi hafnarinnar, ef til kemur.

Endurgjaldið, reiknast sem kr. pr. m³ vatns, skal þó aldrei nema lægri upphæð, en krafist er af almennum aukavatnsskattgreiðendum að viðbættum 100%.

4. gr.

Gjaldtæxtar.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0,15% (0,15 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ.e.a.s. af samanlögðu mati mannvirkja og lóðar lands.

Aukavatnsskattur, sem krafinn er skv. 2. gr., skal vera kr. 3,00 fyrir hvern rúmmetra vatns, miðað við fasteignamat í desember 1983, en breytast á ári hverju í réttu hlutfalli við breytingu á fasteignamati.

5. gr.

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

6. gr.

Gjaldldagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjaldldaga 15. janúar og ber að greiða hann til skrifstofu Vatnsleysustrandarhrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn mánaðarlega.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjaldldaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og smþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 339 14. júlí 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.